



RÍKISLÖGREGLUSTJÓRINN

ALMANNAVARNADÉILD



Berist til: Fjölmíðlar, almannavarnir.is, stjórnarsýsla og tengiliðir sóttvarnalæknis.

STÖÐUSKÝRSLA

Dags: 01.04.2020

Kl.: 17:00

Staðsetning: Samhæfingarstöð almannavarna/Embætti landlæknis/Sóttvarnalæknir,

Neyðarstig vegna COVID-19

Framvinda

Unnið er hörðum höndum að því að miðla upplýsingum og ráðleggingum til almennings, stofnana og fyrirtækja. Allar leiðbeiningar er að finna á heimasíðu Embættis landlæknis, Ríkislögreglustjóra almannavarnadeild og Upplýsingasíðunni covid.is

Ráðgjöf vegna COVID-19

Leiðir að ráðgjöf hjúkrunarfræðinga:

Alvarleg veikindi:

- **Vaktsíminn 1700**
- **Símtal á þína heilsugæslu á dagvinnutíma**

Minni veikindi:

- **Samskipti á Mínum síðum á heilsuvera.is**
- **Netspjall á heilsuvera.is - 8:00-22:00**

Mikið álag er á Læknavaktinni og Heilsuveru. Við hvetjum fólk til að kynna sér upplýsingar, sem eru á ofangreindum vefsíðum.

Fjöldi staðfesta smitaðra hér á landi er nú 1.220 og 982 eru í einangrun. Alls eru 803 innanlandssmit og ekki vitað um uppruna 116 smita. Samtals hafa um 19,516 sýni verið tekin, 1612 síðasta sólarhring. Af þeim sem greinst hafa með COVID-19 á Íslandi hafa tveir látist.

[Skv. tölum Landspítalans](#) eru 40 innlagðir sjúklingar á Landspítala með COVID-19 smit, þar af eru 11 á gjörgæslu og 10 á öndunarvél. 926 eru í eftirliti á Göngudeild COVID-19 þar af 89 börn í eftirliti Barnspítala Hringingsins. Þá hefur 236 einstaklingum batnað og 26 einstaklingar hafa verið útskrifaðir af spítalanum.

Upplýsingafundur dagsins

Þátttakendur: **Víðir Reynisson**, yfirlögregluþjónn, **Þórólfur Guðnason**, sóttvarnalæknir, **Alma D. Möller**, landlæknir, **Páll Matthíasson**, forstjóri LSH og **Unnur Sverrisdóttir**, forstjóri Vinnuálagstofnunar

Víðir Reynisson hóf fundinn með kynningu á gestum.

Þórólfur Guðnason sóttvarnalæknir fór yfir tölfræði dagsins. Álag á gjörgæslu er í samræmi við svartsýnustu spá líkansins frá Háskóla Íslands. Á hinn bóginn má túlka tölurnar frá Íslenskri erfðagreiningu þannig að ekki sé mikið um samfélagsleg smit. Um hægan vöxt faraldursins sé að ræða og segja megi að aðgerðirnar hafi orðið til þess að halda honum í skefjum. Í þeirri stöðu sé óhjákvæmilegt annað en að halda áfram á sömu braut. Sóttvarnalæknir mun að þeim sökum leggja til að heilbrigðisráðherra framlengi samkomubanni, sem nú gildir til 13. apríl, til 30. apríl. Aðgerðirnar verði þó áfram í stöðugu endurmati eftir því sem faraldrinum vindur fram. Mjög varlega verður farið í að aflétta samkomubanni og fjöldatakmörkunum, ella getur skapast hættu á að faraldurinn blossi upp aftur. Nú er nauðsynlegt að brýna fyrir öllum að

halda út. Standa þarf vörð um viðkvæma hópa og mikilvægt að allir þeir sem hafa sýkingar, einkenni í öndunarfærum haldi sig heima. Að lokum benti sóttvarnalæknir á mikilvægi sýnatöku og benti á að ÍE hafa farið af stað með slembiúrtaksrannsókn. Hann hvatti fólk sem fengi boð að taka þátt í rannsókninni.

Alma Möller landlæknir færði þeim sem starfa í heilbrigðisþjónustu hrós og þakkir fyrir þeirra störf. Allir eru að standa sig frábærlega með gæði starfseminnar og öryggi sjúklinga að leiðarljósi. Áfram eru í gildi tilmæli landlæknis um að fresta valkvæðum aðgerðum á sjúkrahúsum og draga mörkin við aðgerðir sem óhætt er að fresta í allt að átta vikur. Alma fjallaði um Rakningu C-19, nýtt símasmáforrit eða app en smíði þess er nú lokið og fengist hefur heimild Persónuverndar fyrir notkun þess hér á landi. Appið er þó ekki enn komið í notkun. Apple og Google eru með appið til skoðunar áður en það verður aðgengilegt í þeirra miðlum. Alma minnti á að enn stendur yfir skráning í bakvarðasveit heilbrigðisþjónustu annars vegar og bakvarðasveit velferðarþjónustu hins vegar. Yfir 1000 manns hafa nú þegar skráð sig á hvorn stað. Þeir sem gefa kost á sér geta valið til hverra starfa þau veljast en skortur séu á aukahöndum í ýmis störf – líka þau sem ekki tengjast COVID-19 með beinum hætti.

Páll Matthíasson, forstjóri Landspítalans sagði 40 einstaklinga liggja inni á spítala með staðfest smit. Sjúklingar á gjörgæslu eru á aldursbilinu 50–80 ára sem er áminning um að sjúkdómurinn leggst ekki eingöngu illa á þá sem eldri eru þó þeir séu vissulega frekar í áhættuhópi. Það er alltaf alvarlegt þegar sjúklingar þurfa meðferð í öndunarvél. Um langvinna meðferð er að ræða sem getur tekið 2-3 vikur. Þeir sjúklingar sem hafið hafa meðferð í öndunarvél vegna COVID-19 á spítalanum eru enn í öndunarvél. Í dag eru 186 starfsmenn Landspítalans í sóttkví og 36 í einangrun. Alls eru 926 í eftirliti hjá göngudeild COVID-19, þar af 89 börn. 18 gjörgæslurými eru nú í Fossvogi á gjörgæsludeild og vöknun sem að mestu sinna Covid-19 smituðum. Uppfærð áætlun gerir nú ráð fyrir að gjörgæsludeildin við Hringbraut taki við gjörgæslusjúklingum þegar aðstaða í Fossvogi er fullnýtt. Deildir sem nú taka við Covid-19 greindum sjúklingum og með grun um Covid-19 eru A7, A6 og nú hefur B5 hafið móttöku sjúklinga úr þessum hópi. Sérstakar ráðstafanir hafa verið gerðar til að vera undirbúin innlögnum barna.

Páll sagði að Landspítalinn sinnti öllu landinu og öllum sjúklingum. Hann minnti á að fólk sem væri alvarlega veikt ætti ekki að veigra sér við að hafa samband. Ef mikið liggur við ætti fólk að koma á bráðamóttöku en yrði að láta vita hafi það dæmigerð einkenni Covid-19. Mikið samstarf er við allar heilbrigðisstofnanir á landsbyggðunum – við erum eitt þjónustunet og nú reynir mikið á þetta net. Allir standa sig frábærlega og nefndi Páll sérstaklega starfsfólk á Landakoti sem mikið hefði mætt á sl. sólarhringa. Þá mætti ekki gleyma starfsfólki í ræstingum og rekstri sem væru mjög mikilvægur þjónustuhlekkur á slíkum tímum.

Unnur Sverrisdóttir, forstjóri Vinnumálastofnunar

Covid-19 hefur gríðarleg áhrif á vinnumarkaðinn. Við höfum í raun og veru aldrei horft upp á annað eins ástand, sagði Unnur. Alls hafa um 26 þúsund einstaklingar sótt um skert starfshlutfall í samræmi við ný lög sem samþykkt voru á Alþingi 20. mars síðastliðinn. Af þeim sem hafa sent umsókn eru 76% Íslendingar en 24% af erlendum uppruna en um helmingur allra umsækjanda voru starfandi í ferðaþjónustu. Á síðustu dögum hafa einnig verið að bætast við umsóknir frá fólki sem væri starfandi í hinum ýmsu iðngreinum eins og hárgreiðslu, á snyrtistofum, frá sérlæknum og lækna- og tannlæknastofum sem nú eru lokaðar. Alls hafa borist 32 þúsund umsóknir um atvinnuleysisbætur eða bætur vegna skerts starfshlutfalls í mars. Allt árið 2019 bárust um 16 þúsund umsóknir sem endurspeglar að það er gríðarlegt álag á stofnunina. Alls berast um 3000 símtöl á degi hverjum en stofnunin gæti ekki svarað nema um helmingi þeirra.

Þá bærust um átta hundrað tölvupóstar á sólarhring og ekki væri hægt að svara öllum þeirra samdægurs. Unnur vildi því beina því til skjólstaðinga stofnunarinnar að sækja upplýsingar og svör við spurningum á vefsvæði stofnunarinnar.

[Upplýsingasiða Vinnumálastofnunar vegna COVID-19](#)

Þar væri fjölmörum spurningum svarað. Unnur sagðist vona að úrræði stjórnvalda næði til flestra þeirra sem væru í vandræðum vegna stöðunnar á vinnumarkaði. Ástandið hafi lengi verið gott á vinnumarkaði og flestir þeirra sem nýti úrræðin þurfi ekki að ganga á sinn bótarétt.

Markmiðið væri að greiða öllum bætur fyrir 7. apríl. Atvinnurekendur verði þó að staðfesta rafrænt að samkomulag um skert starfshlutfall hafi verið gert. Framkvæmd greiðslna í samræmi við lög um greiðslur til atvinnurekenda sem einnig voru samþykkt 20. mars er í undirbúningi. Tölvukerfið verður ekki tilbúið fyrr en eftir páska eða um næstu mánaðamót.

Unnur hrósaði að lokum sínu fólki sem hefði unnið ótrúlegt starf og sýnt mikla samstöðu á erfiðum tímum.

Víðir Reynisson yfirlögregluþjónn lokaði fundinum og bað fólk um að huga vel að því að veira hagi sér eins á virkum dögum og á hátíðum. Á páska ætti almenningur því að halda sér heima. Ekki væri ráðlagt að ferðast mikið um landið. Mikilvægt væri að huga að innkaupum og verslun í tíma fyrir hátíðarnar. Einnig væri mjög gott að nýta vel hverja verslunarferð og fara sjaldnar í búð en vanalega.

Ef fólk væri kallað í sýnatöku þá ætti fólk bara að fara í sýnatöku en ekki nota tímann til að útrétta í leiðinni. Ef fólk er með einkenni á það að vera heima. Ekki vera grjótharður Íslendingurinn sem fer í vinnuna aðeins slappur eða veikur.

Upplýsingamiðlun og verkefni

Í Samhæfingarstöð almannavarna fer fram samhæfing aðgerða og upplýsingagjöf á landsvísu vegna COVID-19.

Rauði krossinn. Vegna álags á Hjálparsíma Rauða krossins 1717 og netspjallið 1717.is [hefur félagsmálaráðuneytið](#) ákveðið að styðja við þjónustuna. Stuðningurinn mun efla Hjálparsímann og netspjallið í að sinna meðal annars fjölskyldum, börnum og ungmennum, fötluðu fólki öldruðum og fólki af erlendum uppruna á þeim fordæmalausu tímum, sem nú eru uppi. Þetta gerir Rauða krossinum á Íslandi kleift að sinna hlutverki sínu betur.

Heilbrigðisstarfsmenn í Samhæfingarstöðinni eru að skoða húsnæði, sem nota mætti sem varasjúkrahús í samstarfi við Landspítalann. Jafnframt eru þeir að setja saman heildaráætlun fyrir heilbrigðisstofnanir um viðbrögð við COVID-19. Einnig er verið að huga að hlífðarbúnaðarmálum til að tryggja að ávallt séu nægar birgðir af nauðsynlegum búnaði.

Borgaraþjónusta utanríkisráðuneytisins hefur svarað um 4600 fyrirspurnum frá 14. mars. 11.400 hafa skráð sig í grunn borgaraþjónustu frá 25. febrúar en af þeim er gert ráð fyrir að ríflega 8000 séu komnir heim eða hafi ákveðið að vera um kyrrt. Þá hefur borgaraþjónustan hringt í rúmlega 2000 manns sem samkvæmt grunninum voru staddir erlendis og af þeim eru um 75% komin heim eða dvelja áfram erlendis. Enn hefur dregið úr framboði á farþegaflugi og landamæri eru víða lokuð. Borgaraþjónustan vinnur áfram að því að leiðbeina fólki sem hyggur á heimleið og á náð samráð við borgaraþjónustur Norðurlandanna og annarra nánna samstarfsríkja í Evrópu.

Viðbrögð við Covid-19 smiti í Bolungarvík Covid-19 smit hefur verið staðfest í Bolungarvík og grunur um fleiri.

Aðgerðastjórn á Vestfjörðum hefur því ákveðið í samráði við sóttvarnalækni, almannavarnadeild ríkislögreglustjóra og skólayfirvöld að fella niður kennslu á mið- og unglingastigi Grunnskólans í Bolungarvík frá og með 1. Apríl og gildir þar til annað verður ákveðið

Rakning C-19 App Nú er að ljúka gerð s.k. smitrakningar-apps sem er nýjung og liður í viðamiklum aðgerðum til að hægja á og vonandi minnka útbreiðslu veirunnar sem veldur COVID-19. Appið er væntanlegt í App store og Google Play og verður kynnt nánar við útgáfuna.

Vefurinn www.covid.is

Upplýsingar um tölfræði sjúkdómsins eru uppfærðar einu sinni á dag og birtar kl. 13:00 á vefsvæðinu covid.is

Á vefnum er hægt að nálgast upplýsingar um aðgerðir hér á landi vegna sjúkdómsins sem veldur COVID-19. Vefurinn er í sífelldri þróun og uppfærður reglulega. Hann er sem stendur á íslensku, táknmáli, ensku og pólsku. Einnig eru valdar upplýsingar á arabísku, spænsku, kúrdísku, litháísku, persnesku og taílensku.

Framundan:

- Upplýsingafundir fyrir fjölmiðla eru áætlaðir alla daga kl. 14:03.
- Næsti stöðufundur vegna COVID-19 er áætlaður fimmtudaginn 2. apríl kl. 9:00.

Samráð og frekari upplýsingar


- **Allir íbúar Íslands** sem hafa dvalið erlendis og snúa heim 19. mars eða síðar þurfa að fara í sóttkví í 14 daga. [Sjá upplýsingar á vef embættis landlæknis.](#)
- Lýðheilsusvið embættis landlæknis hefur tekið saman heilræði sem byggja á niðurstöðum rannsókna á því hvað er gagnlegt að gera til að hlúa að andlegri, líkamlegri og félagslegri vellíðan. [Heilræðin eru nú birt daglega á vef.](#)
- [Sektir fyrir brot gegn sóttvarnalögum vegna COVID-19.](#) Frétt á vef stjórnarráðsins 27.03.2020.
- Fréttatilkynning heilbrigðisráðherra: [Hertar takmarkanir á samkomum – mörkin sett við 20 manns](#)
- [Leiðbeiningar fyrir einstaklinga með áhættuþætti fyrir alvarlegri sýkingu \(uppfært 30.03.2020\)](#)
- [Leiðbeiningar til veitinga og gististaða vegna hámarksfjölda í hópum og hverju rými](#) . Nú er sem kunnugt er búið er að herða kröfurnar vegna samkomubanns og hámarks fjöldi í hópum og hverju rými er 20 manns. Ferðamálastofa hefur í samvinnu við Embætti landlæknis og heilbrigðisráðuneytið unnið leiðbeiningar. Munum einnig 2ja metra regluna.
- [Vinnueftirlitið hefur heimildir til að loka vinnustöðum sem ekki virða hið nýja samkomubann](#) Vinnueftirlitið beinir því til vinnustaða að hlíta hertum reglum um samkomubann. Að öðrum kosti er litið svo á að þeir ógni öryggi og heilbrigði starfsmanna sinna. [Sjá uppl. í tengslum við COVID-19.](#)
- [Stjórnvöld koma til móts við vinnumarkaðinn.](#) Samþykkt frumvarp um rétt til greiðslu atvinnuleysisbóta samhliða minnkuðu starfshlutfalli vegna tímabundins samdráttar í starfsemi vinnuveitanda.
- Alþingi hefur samþykkt frumvarp, félags- og barnamálaráðherra, um rétt til greiðslu atvinnuleysisbóta samhliða minnkuðu starfshlutfalli vegna tímabundins samdráttar í starfsemi vinnuveitanda. Lögin fela í sér að laun sem greidd eru [samhliða minnkuðu starfshlutfalli](#) koma ekki til skerðingar á atvinnuleysisbótum [Verktakar og sjálfstætt starfandi sækja um á Mínum síðum.](#) Skila inn vottorði frá RSK um að rekstur hafi dregist saman.
- [Bakvarðasveit lögreglu.](#) Óskað er eftir fólki, sem lokið hefur prófi frá Lögregluskóla ríkisins eða diplómaprófi í lögreglufræðum ásamt starfsnámi á vegum lögreglunnar.
- [Bakvarðasveit heilbrigðisþjónustunnar.](#) Heilbrigðisyfirvöld óska liðsinni heilbrigðisstarfsfólks úr hópi heilbrigðisþjónustu sem starfa hjá opinberum heilbrigðisstofnunum. [Bakvarðasveit félagsmálaráðuneytis Félags- og barnamálaráðherra og Samband íslenskra sveitarfélaga, vinna í sameiningu að því að koma á fót bakvarðasveit í velferðarþjónustu.](#)
- [Bakvarðalista fyrir Dýralækna- til að sinna dýralækningum.](#) sem atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið, ásamt Matvælastofnun og Dýralæknafélagi Íslands hafa sett upp. [Bændasamtökin](#) hafa komið á fót miðlægðri afleysingaþjónustu fyrir bændur.
- [Leiðbeinandi viðmið um íþrótt- og æskulýðsstarf í ljósi takmörkunar á skólastarfi og samkomum.](#) Leiðbeinandi viðmið um hvernig beri að túlka auglýsingar um takmörkun á samkomum vegna farsóttar og takmörkun á skólastarfi vegna farsóttar þegar kemur að íþrótt og æskulýðsstarfi barna, ungmenna og fullorðna.
- [Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur – upplýsingasíða vegna COVID 19.](#)
- Sjá [fyrirmæli landlæknis um að hætta valkvæðum aðgerðum](#) þannig að unnt sé að sinna sjúklingum með COVID-19 jafnframt því að veita aðra nauðsynlega heilbrigðisþjónustu.
- Hægt er að nálgast upplýsingar um niðurstöður sýna frá Íslenskri erfðagreiningu/Decode í Heilsuveru undir valmyndinni „Samskipti“. Innskráning með rafrænum skilríkjum.
- Tölfræðispá Háskóla Íslands er birt á vef [www.covid.hi.is.](#)
- Vefsíðan <https://island.is/> er upplýsinga- og þjónustuveita opinberra aðila á Íslandi. Þar getur fólk og fyrirtæki fengið upplýsingar og notið margvíslegrar þjónustu hjá opinberum aðilum á einum stað í gegnum eina gátt. Vefurinn er einnig á ensku.
- Þeir sem þurfa að sitja í sóttkví geta nú sjálfir skráð upplýsingar inn á vefinn heilsuvera.is og fengið vottorð þar að lútandi. Vottorðin eru án endurgjalds. Vakin er athygli á því að skráning á heilsuveru krefst þess að notandi sé með rafræn skilríki. Þau sem eru ekki með rafræn skilríki þurfa að hafa samband við heilsugæsluna sína til að tilkynna sig í sóttkví. Þau sem þurfa að fá vottorð en eru ekki með rafræn skilríki senda póst á netfangið mottaka@landlaeknir.is
- **Almannavarnadeild ríkislögreglustjóra** er reglulega með fjarfundi með almannavarnastofnunum á Norðurlöndunum vegna COVID – 19. Stofnanirnar bera saman bækur sínar varðandi viðbúnað og viðbrögð vegna ýmissa þátta er varða framvindu COVID -19 sjúkdómsins. Samvinna og samtal þessara stofnana er mjög mikilvæg.



COVID-19 á Íslandi - Tölfræði


- Upplýsingar á síðunni eru sóttar úr gagnagrunni á miðnætti.

Fjöldi sýna eftir dögum



Download data

Fjöldi smitaðra eftir dögum



Download data

Heildartölur

- 1.220** staðfest smit
- 993** í einangrun
- 35** á sjúkrahúsi
- 11** á gjörgæslu
- 225** batnað
- 7.822** í sóttkví
- 7.735** lokið sóttkví
- 19.516** sýni

Af þeim sem geinst hafa með COVID-19 á Íslandi eru tvö látin.


Þegar gefnar eru út upplýsingar um hve smituðum hefur fjölgað mikið frá deginum áður er það ekki alltaf svo að sambærileg tala birtist í

Fjöldi smita eftir kyni



Download data

Uppruni smits



Download data


Smit / sóttkví eftir landshlutum



	Smit	Sóttkví
Höfuðborgarsvæði	918	3.951
Suðurnes	54	378
Suðurland	118	767
Austurland	5	171
Norðurland eystra	34	375
Norðurland vestra	29	146
Vestfirðir	6	151
Vesturland	24	274
Óstaðsett	32	1.609
Útlönd	0	0

Download data

Fjöldi smitaðra eftir aldri




Download data

Hlutfall smitaðra sem greinast í sóttkví

54%

þeirra sem hafa greinst voru í sóttkví



● Erú í sóttkví við greiningu ● Erú utan sóttkvíar við greiningu

Kórónaveira – útbreiðsla erlendis

Í dag hefur sýking af völdum COVID-19 verið staðfest hjá **um 883.225 einstaklingum** samkvæmt John Hopkins og **um 44,156 einstaklingar** hafa látist. Þá hafa 185,377 **einstaklegar náð** sér eftir veikindin. Mikill vöxtur hefur verið í dreifingu veirunnar. ECDC hefur breytt áhættumati sínu yfir í að faraldurinn geti orðið meðalstór eða mikil lýðheilsu-ógn. Sjá vef [Sóttvarnastofnunar Evrópu \(ECDC\)](#) varðandi þróun mála í hverju landi fyrir sig. Sjá áhættumat ECDC.